



Nefndasvið Alþingis  
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 11. janúar 2019

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna skattlagningar tekna erlendra lögaðila í lágskattaríkjum, samsköttunar félaga, takmörkunar á frádrætti vaxtagjalda og skattlagningar útsendra starfsmanna (samsköttun, CFC-félög o.fl.), 433. mál**

Alþjóðleg samkeppnishæfni hvers lands er ein af lykilforsendum bættra lífskjara og er að mati Samtaka iðnaðarins mikilvægt að íslensk stjórnvöld feti í fótspor annarra ríkja og vinni markvisst að því að bæta stöðu Íslands í samkeppni við önnur ríki. Atvinnulífið er ein af meginstöðum íslensks samfélags þar sem til verða störf og verðmæti sem leggja aftur grunn að velsæld þjóðarinnar. Aukin samkeppnishæfni gagnast því samfélaginu í heild. Alþingi hefur mikilvægu hlutverki að gegna fyrir samkeppnishæfni Íslands enda getur vel útfærð og markviss lagasetning aukið samkeppnishæfnina. Að sama skapi geta óþarflega íþyngjandi og óskilvirkar lagareglur skapað umframkostnað hjá fyrirtækjum og stofnunum sem dregur úr samkeppnishæfni þeirra gagnvart fyrirtækjum í öðrum ríkjum.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru m.a. lagðar til breytingar á skattlagningu svokallaðra CFC-félaga sem og breytingar á skattskyldu í tengslum við útleigu á vinnuafli eða annars konar vinnuframlagi erlendra aðila hér á landi í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð. Um er að lagasetningu sem hefur víðtæk áhrif á stór alþjóðleg íslensk fyrirtæki, á væntan vöxt íslenskra nýsköpunar- og sprotafyrirtækja sem og skattlagningu einstaks iðnaðar. Umræddar reglur ganga lengra en EES reglur gera ráð fyrir og ljóst að ekkert mat liggur fyrir á áhrifum umræddra lagaákvæða á íslenskt atvinnulíf.

### **Íþyngjandi ákvæði um CFC-félög**

Reglur um svokölluð CFC-félög byggja á samræmdri löggjöf Evrópusambandsins, svokallaðri ATAD tilskipun, sem ætlað er að sporna gegn skattasniðgöngu. Sú tilskipun byggir aftur á BEPS aðgerðaráætlun OECD númer þrjú sem setur fram tilmæli til ríkja um innihald umræddra CFC reglna. Samtök iðnaðarins árétta mikilvægi þess að unnið sé gegn skattasniðgöngu hvers konar en á sama tíma sé þess gætt að íslensk fyrirtæki starfi í sambærilegu lagaumhverfi og önnur fyrirtæki á EES svæðinu.

Við samlestur 2. gr. frumvarpsins og ákvæða ATAD tilskipunarinnar er ljóst að ákvæði frumvarpsins gengur lengra en tilskipunin gerir ráð fyrir og vísa samtökin til umsagnar Samtaka atvinnulífsins til nánari skýringar.

Samtök iðnaðarins telja hér mikilvægt að innleiða ekki strangari reglur en áður nefnd tilskipun gerir ráð fyrir og ennfremur sé þess gætt að innleiðing sé í samræmi við og gangi ekki lengra en innleiðing annarra ríkja innan EES á umræddum CFC reglum.



## **Víðtæk skilaskylda á aðila í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð**

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er lögð til verulega aukin skilaskylda á aðila í einni atvinnugrein, þ.e. byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, sbr. 5. gr. frumvarpsins. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið er því ætlað að ná til aðila hér á landi sem nýtir vinnuafli erlends aðila á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli eða annars konar vinnuframlags. Tilgangurinn er að koma í veg fyrir skattundanskot við útleigu á vinnuafli.

Samkvæmt ákvæðinu þarf að uppfylla þarf fjögur skilyrði svo innlendir aðili, í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð sem nýtir vinnuafli erlends aðila á grundvelli samnings annaðhvort um útleigu á vinnuafli eða um annars konar vinnuframlag, teljist launagreiðandi starfsmanna hins erlenda aðila. Í athugasemdum eru nánari skýringar á markmiðum frumvarpsins og þar segir að með frumvarpinu sé lagt til að skerpa á ábyrgð innlenda aðilans á skilum á staðgreiðslu af launum starfsmanna erlendra aðila sem vinna í þágu innlendra aðila hér á landi. Þá segir að hugtökin „útleiga á vinnuafli“ eða „annars konar vinnuframlag“ nái ekki eingöngu til samninga sem gerðir eru við starfsmannaleigur heldur einnig til þjónustu-, verk- eða annars konar samninga. Þá yrði litið svo á að slíkir samningar feli í sér útleigu á vinnuafli eða annars konar vinnuframlags ef þeir leiða það af sér að starfsmenn erlends aðila koma hingað til lands til að vinna að umsömdu verki, jafnvel þrátt fyrir að einungis afmarkaður hluti samningsins kveði á um slíkt.

Af lestri ákvæðis frumvarpsins og markmiði með setningu þess má vænta að ákvæðið taki einungis til samninga um útleigu á vinnuafli. Af lestri athugasemda við ákvæðið má þó líta svo á að frumvarpinu sé ætlað að ná til allra verksamninga þar sem fyrirtæki í byggingarstarfsemi eða mannvirkjagerð semur við erlendan verktaka um framkvæmd verks hér á landi. Ákvæði 5. gr. frumvarpsins hafi þannig mun víðtækara gildissvið en lesa má út úr ákvæðinu sjálfu. Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að það sé skýrt til hvaða samninga umrætt ákvæði á að taka og það sé metið hvaða áhrif slíkt ákvæði mun hafa á fyrirtæki í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. Slíkt mat liggur ekki fyrir.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads 'Björg Á. Þórðardóttir'.

---

Björg Ásta Þórðardóttir,  
lögfræðingur SI